

## LÖG

### um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (mansal).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 227. gr. a laganna:

- a. Í stað orðanna „mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu“ í 1. málsli kemur: annan mann í vændi eða á annan kynferðislegan hátt, í nauðungarhjóraband, í þrældóm eða ánauð, til nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þ.m.t. betls, til að fremja refsiverðan verknað.
- b. 1. tölul. orðast svo: Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi og við það er beitt eða hefur verið beitt ofbeldi, nauðung, frelsissviptingu, brottnámi, hótun, ólög-mætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um að-stæður, eða með því að notfæra sér bága stöðu, fákunnáttu eða varnarleysi viðkomandi eða með því að hagnýta sér yfirburðastöðu sína.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 2021.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

*Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.*